



## 482.fundur Þingvallanefndar

Miðvikudagur 27. janúar 2021

Kl.11:30 Fjarfundur um tölvu.

**Mætt:** Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Guðmundur Andri Thorsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Karl Gauti Hjaltason og Páll Magnússon. Hanna Katrín Friðriksson boðar forföll. Einnig sátu fundinn Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarisdóttir sem ritaði fundargerð. Formaður sér um fundarstjórn og setur fund.

Dagskrá:

1. Valhallarstígur - sumarbústaður aðstaða fyrir fræði- og listafólk.

Farið yfir drög að reglum um aðstöðu fyrir fræði- og listafólk í sumarbústað við Valhallarstíg. Nefndin felur þjóðgarðsverði að vinna þetta verkefni áfram og kynna á næsta fundi tímaáætlun.

2. Útboð á verslunarrekstri á Haki og þjónustumiðstöð - staða. Gestur: Guðmundur Hannesson ráðgjafi.

Þjóðgarðsvörður fór yfir vinnu við gerð útboðslýsingar á verslunarrekstri á Haki og þjónustumiðstöð.

Vinnan er á áætlun og er stefnt að því að nýr rekstraraðili hefji rekstur 1. maí.

Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði og hans teymi að halda áfram og óskar um að gerð sé grein fyrir vinnu á næstu fundum nefndarinnar.

3. Staða framkvæmda

Þjóðgarðsvörður segir frá helstu framkvæmdum sem unnið er að. Salernishús eru tilbúin en frágangur utanhúss er eftir. Búðastígur sem tengir saman Valhallarreitinn og stíg neðan við Lögberg gengur vel. Bætt var inn rafmagnsstreng sem opnar möguleikann á því að hægt sé að draga í rafmagn. Stígurinn verður tilbúinn í apríl. Verkefnið er á áætlun og innan kostnaðaráætlunar.

4. Starfsskýrsla Þingvallanefndar – kynning

Farið yfir starfsskýrslu Þingvallanefndar fyrir starfstímabilið sem er í undirbúningi og kynntar eldri starfsskýrslur.

Önnur mál.

Þjóðgarðsvörður mun skrifa bréf til umhverfis- og auðlindaráðuneytis og gera grein fyrir horfum með sértekjuáætlun í rekstraráætlun fyrir árið 2021.

Fundi slitið kl. 12:35